



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Atvinnumálanefnd

9. fundur.

Fundur haldinn í atvinnumálanefnd 1. ágúst 2013, kl. 20:00 á skrifstofu Skútustaðahrepps.

Mættir: Böðvar, Halldór, Ingibjörg, Leifur og Sólveig.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Niðurjöfnun gangna.

Jafnað var niður til gangna skv. meðfylgjandi gangnaseðli. Farið yfir önnur fyriræli og þeim breytt, sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Réttað verður 1. september í Baldursheimsrétt og Hlíðarétt.

3. Tilmæli um fjárrag vegna garnaveiki.

Atvinnumálanefnd samþykkir eftirfarandi bókun:

"Vegna garnaveiki í hreppnum, eru það tilmæli til fjáreigenda að forðast að hýsa ókunnugt fé í fjárhúsum sínum. Af þessum sökum er áréttað að allt fé úr afrétti verði rekið til réttar og dregið sundur þar."

Fjáreigendur eru minntir á að bólusetja allt ásetningsfé áður en það er tekið á hús.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Böðvar Pétursson

Halldór Árnason

Ingibjörg Björnsdóttir

Leifur Hallgrímsson

Sólveig E. Hinriksdóttir